

Nr. 041 / 11 Aurora / Knörrinn**Dráttartóg í skrúfu, strand og skipverjar slasast****Aurora**

Skipaskr.nr. 2693
 IMO nr. 0
 Smíðaður: England 1996, plast
 Stærð: 37,5 brl. 26,4 bt.
 Mesta lengd: 18,3 m Skráð lengd: 17,14 m
 Breidd: 4,72 m Dýpt: 2,37 m
 Vél: Perkins 86 kW, 1995
 Fjöldi skipverja: 9



Aurora©BB

Knörrinn

Skipaskr.nr. 0306
 IMO nr. 0
 Smíðaður: Akureyri 1963 Eik
 Stærð: 19,3 brl. 20 bt.
 Mesta lengd: 15,15 m Skráð lengd: 13,73 m
 Breidd: 4,12 m Dýpt: 2 m
 Vél: Cummins 183 kW 1977
 Fjöldi skipverja: 4



Knörrinn ©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. apríl 2011 var seglskútan Aurora á leið til hafnar á Húsavík. Veður: S 8-16 m/sek.

Farþegabáturinn Knörrinn hafði verið fenginn til að flýta för skútunnar Auroru, sem var að koma frá Jan Mayen, með því að draga hana til hafnar. Þegar komið var inn fyrir hafnargarða slepptu skipverjar Auroru dráttartauginni. Á meðan skipverjar Knerris unnu við að draga inn taugina sigldi Aurora yfir hana og fékk hana í skrúfuna með þeim afleiðingum að báturinn varð stjórnlaus. Skipverjarnir á Knerrinum stóðu innan um tógið þegar það dróst hratt út vegna þessa. Annar skipverjinn fór fyrir borð en taugin flæktist utan um fót hins sem fótbrotnaði. Skorið var á tógið og náðist skipverjinn aftur um borð og var þeim báðum komið á sjúkrahús.

Vélin Auroru stöðvaðist og rak hana stjórnlaust en skipstjóri taldi sig geta náð að olúbryggjunni undir segli og lét því hífa upp eina fokku. Skútan lét ekki að stjórn og

Þegar um hálf bátslengd var að bryggjunni lagðist hún utan í grjótvarnargarð. Gangsetti skipstjóri vélina aftur og gat bakkað frá grjótgarðinum en fljótlega stöðvaðist hún aftur. Rak hana inn í höfnina og upp í dráttarbrautina. Björgunarsveit var kölluð út og kom bátur frá henni dráttartaug í Auroru en þá var Knörrin komin aftur og dró Auroru úr fjörunni og að bryggju. Skemmdir urðu á stýri Auróru

Við rannsókn kom fram:

- að dráttartógið var Polyester blanda. Umbúnaðurinn við skut Knerrisins var brókar festing upp í skutinn sem kom saman í hjólbarða í enda dráttartógsins. Skipverjar Knerris voru rétt nýbúnir að ná inn hjólbarðanum þegar tógið lenti í skrúfunu og rykkti brókinni út;
- að sögn skipstjóra Knerris hafði hann enga möguleika á að bregðast við vandræðum Auroru eftir að hún varð stjórnlaus því hann varð að bjarga mannum úr sjónum og koma slasaða í land;
- að sögn skipstjóra Auroru var mjög frítt á milli bátanna og beið hann með að kúpla að skrúfunni á meðan hann taldi að verið væri að ná dráttartóginu inn . Tógið hafi horfið fram af bátinum eftir að það var losað og ekki sést í sjónum en engin samskipti voru á þessum tíma á milli bátanna. Hann hafi talið að stöðvun vélarinnar væri vegna olíuskorts en það tengdist ekki tóginu eða skrúfunni. Hann undraðist að ná ekki talstöðvarsambandi við Knerris;
- að skemmdir á Auroru reyndust eingöngu vera á stýrisblaði og taldi skipstjóri að það hafi skorðast á milli teina í dráttarbrautinni og því setið fast þegar skútan snerist þegar hún var dregin úr fjörunni.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var aðgæslu- og samskiptaleysi stjórnenda beggja skipanna.